

- muni ekki annast prófun á ökuritum í eigin ökutækjum eða ökutækjum í eigu tengdra aðila,
- muni afhenda ökumanni (umráðamanni) ökutækis sem fengið hefur frágenginn ökurita bækling um framkvæmd reglna um aksturs- og hvíldartíma. Efni bæklingins skal samþykkt af dómsmálaráðuneytinu.

## 24. gr.

Dómsmálaráðuneytið getur svipt prófunarverkstæði starfsleyfi, ef skilyrði fyrir leyfisveitingunni eru ekki lengur uppfyllt. Sama á við ef verkstæðið hlítir ekki fyrir mælum ráðuneytisins eða faggildingardeildar Löggildingarstofu, vanrækir hlutverk sitt og skyldur eða sýnir af sér ítrekaða óvarkárni í starfi.

**VI. Hæfniskröfur.**

## 25. gr.

Tæknilegur stjórnandi prófunarverkstæðis og prófunarmaður skulu hafa starfsréttindi í bifvélavirkjun eða hafa aðra sambærilega eða meiri menntun sem nýtist á þessu sviði og hafa þekkingu og reynslu á sviði ökurita og ísetningu þeirra. Undantekningu má gera frá þessu skilyrði ef viðkomandi hefur menntun, starfsreynslu og þjálfun, sem faggildingardeild Löggildingarstofunnar telur fullnægjandi.

Tæknilegur stjórnandi og prófunarmaður skulu hafa sótt námskeið þar sem fjallað er um reglugerðir, reglur og verklagsreglur viðkomandi prófunarverkstæðis sem fjalla um prófanir á ökuritum. Námskeiðin skulu viðurkennd af faggildingardeild Löggildingarstofunnar og skal þeim ljúka með prófi. Faggildingardeild Löggildingarstofunnar getur einnig tekið gild námskeið og próf frá erlendum aðila.

## 26. gr.

Sá sem ekki vill una niðurstöðu prófunarverkstæðis getur, að undangenginni umfjöllun yfirstjórnar prófunarverkstæðisins og Vegagerðarinnar í samræmi við ákvæði í gæðakerfi prófunarstofunnar, skotið úrskurði þess til dómsmálaráðuneytisins.

**VII. Gildistaka.**

## 27. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 1. mgr. 60. gr. og 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, svo og með hliðsjón af 21. tölul. XIII. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. nóvember 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Sigurður T. Magnússon.*

**REGLUGERÐ****um hámarksvexti í líftryggingasamningum í íslenskum krónum.**

## 1. gr.

Líftryggingafélögum sem hafa starfsleyfi hér á landi, sbr. lög nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi, er heimilt að gefa loforð um vexti í líftryggingasamningum í íslenskum krónum að hámarki 3% til viðbótar verðtryggingu, og að hámarki 4,5% í óverðtrygðum líftryggingasamningum.

Þegar gildistími líftryggingasamnings í íslenskum krónum er átta ár eða skemmri, og iðgjald er greitt í eitt skipti fyrir öll, mega loforð um vexti þó hæst nema 5,5% til viðbótar verðtryggingu og 7% í óverðtryggðum líftryggingasamningum.

Ákvæðin um hámark vaxta skulu endurskoðuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttrygginga-starfsemi, sbr. ákvæði 18. gr. tilskipunar 92/96/EBE sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 31. október 1995.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Porkell Helgason.*

8. nóvember 1995

Nr. 574

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann við suðurkant Skaftahlíðar milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. nóvember 1995.*

Böðvar Bragason.  
e.u. Sturla Þórðarson.

9. nóvember 1995

Nr. 575

## REGLUGERÐ

### um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1996 vera 0,08% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1995.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*